Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

37. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, 13. október 2026 kl. 13:00.

Nefndarmenn:	**Aðrir fundarmenn:**
Bergur Guðmundsson, formaður	Guðmundur **Finnbogason, Oddviti**
Ragnheiður Eggertsdóttir	Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna
Sigurður Yngvi Ágústsson	Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna.

1. **Framkvæmdir og fjárfestingar 2026.**
   Farið var yfir stöðu þeirra verkefna sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2026.
   Lagt fram til kynningar.
2. **Björgunarmiðstöð á Borg.**
   Fundargerðir verkfunda nr. 5-6 lagðar fram til kynningar.
3. **Erindisbréf Framkvæmda- og veitunefndar.**
   Lögð er fram tillaga að uppfærðu erindisbréfi Framkvæmda- og veitunefndar. Lagt til að hlutverk framkvæmda- og veitunefndar sem húsnæðisnefnd verði bætt inn í erindisbréf og það lagt fyrir sveitarstjórn. Formanni falið að vinna málið áfram.
4. **Húsnæði fyrir frístund – Staða og teikningar**
   Lagðar eru fram teikningar af staðsetningu húsnæðis fyrir frístund til kynningar. Gert er ráð fyrir húseiningum á staðinn í viku 42 eða 43. Búið er að jarðvegsskipta undir einingum sem verða staðsettar sunnan við strætóskýli.
5. **Jarðhitaleit – Drög að samning við landeigendur**
   Lögð fram drög að samning við landeigenda Ártanga vegna jarðhitaleitar á vegum sveitarfélagsins. Starfsmönnum sveitarfélagsins falið að ræða við landeiganda.
6. **Skoðunarskýrslur leikvalla**
   Lagðar fram skoðunarskýrslur vegna leikvalla sveitarfélagsins til kynningar.
7. **Sláttur á Borg**
   Fyrir liggur að samningur vegna slátturs á Borg er runninn út. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimild til framlengingar um eitt ár verði nýtt.
8. **Vegstyrkir**
   Fyrir liggja 24 gildar umsóknir um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum. Nefndin fjallaði um umsóknirnar og lagði mat á þær með hliðsjón af gildandi reglum um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að veittur verði styrkur til frístundahúsafélaga samkvæmt eftirfarandi töflu:

Félag sumarhúsaeigenda í landi Ormsstaða	75.000
Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut við Álftavatn	75.000
Félag sumarhúsaeigenda í landi Villingavatns	100.000
FÉSO - Félag sumarbústaðaeigenda í Oddsholti	150.000
Félag Sumarhúsaeigenda Kerengi	200.000
Sumarhúsafélagið Víðihlíð	250.000
Félag land- og frístundahúsaeigenda við A og B götu úr Norðurkotslandi	250.000
Sogsbústaðir í landi Öndverðarness	300.000
Efri Markarbraut og hliðargötur	300.000
Félag sumarhúsaeigenda við Ásgarðsbreiðu	300.000
Félag lóðarhafa að Kiðjabergi	325.000
Félag Lóðareigenda í Landi Minna Mosfells	375.000
Félag lóðareigenda í Miðborgum	500.000
Félag lóðareigenda við Freyjustíg, Ásgarðslandi	500.000
Félag sumarlóðaeigenda Ásabyggð Grímsnesi	500.000
Ásar, frístundabyggð Búrfelli	550.000
Félag sumarhúsaeigenda við Borgarhóls-og Hvítárbraut, Vaðnesi	600.000
Öndverðarnes	600.000
Langibugur - Vatnsholt	600.000
Sumarhúsafélagið Kerhrauni-E	650.000
Lækjarbakki, félag sumarhúsaeigenda við Lækjarbakka, Grímsnesi	700.000
Félag lóðareigenda í Farengi	700.000
FSNN - Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi og nágrenni	700.000
Kerhraun, félag sumarhúsaeigenda	700.000

9. Vesturbyggð áfangi 2.

Fundargerðir verkfunda nr. 6 og 7 lagðar fram til kynningar.

10. Fjárfestingaráætlun 2027

Fyrsta umræða um fjárfestingaráætlun ársins 2027 og nauðsynlegar framkvæmdir. Beðið er eftir áætlunum frá deildum og nefndum sem hafa fengið skjal til útfyllingar um áætlanir ársins 2027.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00.